# Með fjölmiðlana í vasanum: Bill Gates kaupir fjölmiðla til eftirlits með fréttum frá Robert F. Kennedy Jr.




**Þann 22. apríl birti Kla.TV útsendinguna „Hin hnattrænt einræðislega bólusetningarfyrirætlun Bill Gates”  (www.kla.tv/16194.  Eins var önnur útsending birt þann 1. sept. þar sem Robert F. Kennedy Jr, ræðir m.a. um bólusetningar (https://kla.tv/17168).  Þar segir Kennedy frá að bólusetningar sem fjármagnaðar hafa verið af Bill and Melinda Gates Foundation hafi öðrum fremur haft alvarlegar aukaverkanir í för með sér á fólk í þriðja heims löndum.  Þar segir hann líka frá hvernig Gates ráðleggur allri heimsbyggðinni að bólusetja sig gegn Covid-19 veirunni.**

Þann 22. apríl birti Kla.TV útsendinguna „Hin hnattrænt einræðislega bólusetningarfyrirætlun Bill Gates”  (www.kla.tv/16194.  Eins var önnur útsending birt þann 1. sept. þar sem Robert F. Kennedy Jr, ræðir m.a. um bólusetningar (https://kla.tv/17168).  Þar segir Kennedy frá að bólusetningar sem fjármagnaðar hafa verið af Bill and Melinda Gates Foundation hafi öðrum fremur haft alvarlegar aukaverkanir í för með sér á fólk í þriðja heims löndum.  Þar segir hann líka frá hvernig Gates ráðleggur allri heimsbyggðinni að bólusetja sig gegn Covid-19 veirunni.
Robert F. Kennedy Jr. er formaður „Children´s Health Defense“ stofnunar sem berst á heimsvísu fyrir heilbrigði fólks.  Markmið stofnunarinnar er fyrst og fremst að sporna með sérstökum aðgerðum við faraldri barnasjúkdóma.
Hér á eftir fáið þið að heyra úr leiðara frá 3. september 2020 þar sem Kennedy flettir ofan af því hvernig Bill Gates hefur keypt fjölmiðla ásamt blaðmönnum þeirra með milljóna framlögum, sumum hverjum földum, eigin markmiðum til framdráttar – án tillits til þarfa þjóðarinnar:
„Umfjöllun bandaríska tímaritsins Colombia Journalism Review (CJR) afhjúpar að til þess að stýra fjölmiðlum þá millifærði Bill Gates yfir 250 milljónir dollara  í styrki til  BBC, NPR, NBC, Al Jazeera, ProPublica, National Journal, The Guardian, The New York Times, Univision, Medium Magazin, Financial Times, The Atlantic, The Texas Tribune, Gannett, Washington Monthly, Le Monde, Center for Investigative Reporting, Pulitzer Center, National Press Foundation, International Center for Journalists ásamt fjölmörgum öðrum hópum.  Sumir þessara hópa viðurkenna að þeir hafi gefið áfram hlut af styrkveitingu Gates til annarra fjölmiðlastofnana.  Því er erfitt að fylgja náið hvar áhrifa Gates gætir.  Mútufé hans til fjölmiðla hafa borgað sig.  Meðan á faraldrinum stendur hafa keyptar og heilalausar fjölmiðlastofnanir meðhöndlað Bill Gates sem heilbrigðisérfræðing - þrátt fyrir að hann hafi hvorki heilbrigðismenntun né sé kosinn í embætti.   Gates fjármagnar líka her „óháðra staðreyndavakta“ þar á meðal Poynter stofnunina og Gannett.  Hann notar staðreyndavaktirnar þeirra til þess að þagga niður í gagnrýnisröddum og til þess að „afhjúpa“ „rangar samsæriskenningar“ og „falsfréttir“.  Þar á meðal sé að Gates eigi að hafa barist fyrir og fjárfest í örflögum til lífauðkenna, bólusetningar-auðkenningarkerfum, gervihnattar-eftirliti og Covid-19 bóluefni.  Samkvæmt Tim Schwab CJR- höfundi þýða gjafir Gates til fjölmiðla að gagnrýninn fréttaflutningur um Gates stofnunina sé sjaldgæfur.  Bill & Melinda Gates stofnunin hafnaði fjölmörgum spurningum frá CJR og kom sér undan því að birta hversu

miklum fjárhæðum stofnunin hefði veitt til blaðamanna.  Árið 2007 var Los Angeles Times eitt af fáu tímaritum sem birtu gagnrýna rannsókn um Gates-stofnunina.  Þar var ljóstrað upp að Gates hafði fjárfest í ómannúðlegum fyrirtækjum sem styðja t.d. barnaþrælkun.  Þó fullyrðir stofnunin stöðugt að þau séu að hjálpa fólki.  Blaðamaðurinn Charles Piller sagði: „Stofnunin var ekki tilbúin til þess að svara spurningum og kom sér þannig undan því á einn eða annan hátt að svara…“ Rannsóknin sýndi hvernig gífurleg fjárframlög Gates beindu alþjóðlegri þróunaraðstoð í átt að persónulegum markmiðum Gates (svo sem bóluefnum og erfðabreyttum lífverum).  Þemu eins og neyðaraðstoð til að bregðast við útbreiðslu sjúkdóma eins og t.d. Ebólu krísunni lentu í aukasæti.  Óháði blaðamaðurinn Alex Park sem rannsakaði tilraunir Gates stofnunarinnar með lömunarveiki bóluefnið sagði: „Þau viku sér undan spurningum okkar og reyndu að grafa undan fréttaflutningi okkar!“.

**eftir pb**

**Heimildir:**

Children‘ s Health Defense
https://childrenshealthdefense.org/news/press-in-his-pocket-bill-gates-buys-media-to-control-the-messaging/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=3575a04b-c832-49fc-9a5f-5d5867c1d7f7

Wikipedia
https://en.wikipedia.org/wiki/Children%27s_Health_Defense

The Blog of Bill Gates
https://www.gatesnotes.com/Health/What-you-need-to-know-about-the-COVID-19-vaccine

**Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:**

#Bolusetningar - Bólusetningar - www.kla.tv/Bolusetningar

#Covid-19 - www.kla.tv/covid-19-isl

#Kennedy-isl - Robert F. Kennedy Jr.-ISL - www.kla.tv/Kennedy-isl

#Fjolmidlar - www.kla.tv/Fjolmidlar

**Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...**

- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

**Ábending öryggisins vegna:**

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.